



Formennskuáætlun Íslands

í Norrænu ráðherranefndinni 2014

á sviði menningarmála, menntamála,

rannsóknna og æskulýðsmála

Formennskuáætlun Íslands
í Norrænu ráðherranefndinni 2014
á sviði menningarmála, menntamála,
rannsókna og æskulýðsmála



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Formáli

Áherslur íslensku formenskunnar byggjast á verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar um Grænan hagvöxt og Sjálfbæra norræna velferð auk stefnu um samstarf á sviði menningarmála, rannsókna og æskulýðsmála. Í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar er lögð áhersla á samræmingu og samfellu og því tekur formenskuáætlun okkar einnig mið af formenskuáætlun Svía fyrir árið 2013 og niðurstöðum samráðs innan Norrænu ráðherranefndarinnar um áherslur næstu ára.

Styrkur norræna samstarfsins felst m.a. í hæfni þess til að takast á við verkefni þvert á fagsvið og þess vegna er lögð fram sameiginleg formenskuáætlun á sviði menningarmála, menntamála, rannsókna og æskulýðsmála. Leitast verður við að sameina áherslur á þessum sviðum undir formerkjum sköpunarkrafts, sem leið til nýsköpunar og frumkvæðis auk þess sem áhersla er lögð á þverfaglega verkefnið Biophilia – listsköpun sem kennslu- og rannsóknaraðferð.

Náið samstarf norrænu ríkjanna er einstætt og hefur orðið öðrum ríkjum fyrirmynd og má t.d. nefna í því sambandi samstarf Eystrasaltsríkjanna og menningarsamstarf fyrrum ríkja Júgóslavíu. Íslendingar vilja standa vörð um þetta samstarf og efla það enn frekar enda byggist það á sameiginlegum lýðræðislegum gildum og menningu.

Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra



Áherslur íslenska formennskuársins 2014

„Afl til vaxtar – afl til lífs“ er yfirskrift starfsáætlunar um norrænt samstarf undir formennsku Íslands í Norræna ráðherranefndinni árið 2014. Hún er grundvöllur þeirra þriggja áherslusviða sem Ísland hyggst veita forgang á formennskuárinu.

Með Norræna lífhagkerfinu – NordBio – verður leitað leiða til að nýta náttúrulegar auðlindir okkar með arðbærum hætti. Til þess að sú leit beri árangur og tryggji grænan hagvöxt og sjálfbæra þróun til frambúðar er brýnt að tengja norræna lífhagkerfið menntun og rannsóknum. Áhersla verður lögð á að tengja þessi svið með verkefnum þar sem sköpunarkraftur er notaður í mennta- og rannsóknaskyni undir heitinu Biophilia.

Með Norrænu velferðarvaktinni beinir Ísland athyglinni að viðnámskrafti norræna velferðarríkisins og getu þess til að bregðast hratt við kreppum sem brostið geta á með litlum fyrirvara. Velferðarvaktinni er meðal annars ætlað að taka saman og þróa velferðarvísa sem hægt verður að nota sem grunn að nýjum áherslum og stefnumótun á sviði norrænna velferðarmála.

Með verkefninu Norræni lagalistinn vill Ísland stuðla að eflingu norræns markaðar fyrir dægurtónlist, vekja athygli á norrænum listamönnum og hljómsveitum, fjölga útflutningstækifærum fyrir norræna tónlist, skrá og fylgjast með þróun norrænnar dægurtónlistar og nýta þá möguleika sem norrænt samstarf skapar á sviði dægurtónlistar.

NORDBIO – Norræna lífhagkerfið

Á formennskuári sínu 2014 hyggst Ísland stuðla að því að styrkja norræna samvinnu í nýjum verkefnum á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, verkefnum sem ganga þvert á fræðigreinar. Slíkt krefst náins samstarfs og samræðna við atvinnulíf og menntastofnanir. Til þess að vinna að þessu verður nýtt norrænt verkefni sett á laggirnar: Norræna lífhagkerfið – NordBio.

Norræna lífhagkerfið er þriggja ára samstarfsáætlun á árunum 2014-2016 milli ráðherranefndarinnar sem fjallar um fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS), sem ber höfuðábyrgð á verkefninu, sem og ráðherranefndanna fyrir umhverfismál (MR-M), atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER), menntun og rannsóknir (MR-U) og menningarmál (MR-K) en þær bera ábyrgð á verkefninu að hluta til.

Sérfræðingar á þessum sviðum munu sameina krafta sína og vinna saman að verkefnum sem fallin eru til að styrkja sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda. Hagsmunir umhverfis og samfélags verða hafðir að leiðarljósi og tilgangurinn að byggja upp samkeppnishæft atvinnulíf og þróa nýja kennsluhætti.

Markmið NordBio

- Að þróa og bæta aðferðir við sjálfbæra framleiðslu og nýtingu hráefna í því skyni að efla nýsköpun og atvinnulíf og draga úr álagi á umhverfi Norðurlanda.
- Að auka þekkingu og auðvelda stefnumörkun fyrir atvinnulíf og umhverfi með nánara samstarfi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar.
- Að efla nýsköpun á sviðum orkunýtingar, matvælaöryggis og lýðheilsu ásamt því að ryðja norrænum afurðum braut inn á markaði þar sem þær gagnast íbúum jarðar sem fjölgar ört.
- Að halda til haga niðurstöðum verkefna sem tengjast menntun og sjálfbærri þróun.
- Að auka vitund almennings um að grænn hagvöxtur og sjálfbær þróun séu langtímaverkefni og setja af stað ný verkefni sem nýta sköpunarkraft sem rannsóknar- og kennsluaðferð.
- Að örva áhuga ungs fólks fyrir rannsóknum og háskólastarfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og nýtingar auðlinda.
- Að sameina náttúruvísindi, tækni, menntun og menningu á mismunandi skólastigum, í stofnunum og fyrirtækjum.
- Að þróa sameiginlegan norrænan vettvang og grundvöll samstarfs, samhæfingar og hugmyndaflæðis, þvert á aldurshópa og fagsvið.



Mynd:Biophilia

Biophilia

Framlag mennta- og menningarráðuneytisins til NordBio verður þverfaglega kennsluverkefnið Biophilia, sem byggist á sköpunarkrafti sem menntunar- og rannsóknaraðferð. Biophilia merkir ástríða fyrir eða ást á lífinu og öllu sem lífsandann dregur. Norræna verkefnið hvetur til samstarfs á milli barna, vísindamanna, kennara, listamanna og fleiri hópa. Hugmyndin er sú að samþætta menntun, menningu og vísindi í viðleitni til að leysa upp hefðbundnar kennsluáðferðir. Þátttakendur eru því hvattir til að vinna með sköpunargleðina sem kennslu- og rannsóknatæki þvert á aldurshópa, kennslugreinar og fagsvið.

Náttúra, vísindi og listir tengjast með einstökum hætti sem kallar á heilðræna nálgun. Kennsluverkefnið Biophilia skapar sameiginlegan vettvang og grundvöll samræðna og umræðna sem ýta jafnt undir persónulega sem samfélagslega þróun og stuðla þar með að sjálfbæru samfélagi. Markmið verkefnisins er að örva frumkvöðla og áhuga ungmenna á vísindum, tækni og nýsköpun í víðasta skilningi. Við mótun Biophilia-verkefnisins verður höfuðáherslan lögð á menntunar- og rannsóknahlutann, en samstarf á sviði menningar- og æskulýðsmála undir merkjum NORBUK gegnir sömuleiðis veigamiklu hlutverki.

Biophilia verkefni: Menntamál og rannsóknir

Þau þrjú undirverkefni sem falla undir kennslu- og rannsóknahluta Biophiliaverkefnisins eiga sér nokkra samnefnara og hafa sterkar tengingar við norrænu áætlanirnar um Grænanan vöxt og Sjálfbæra norræna velferð.

- Staðbundin samstarfsnet verða stofnuð í öllum ríkjunum sem þátt taka og sem síðar mynda sameiginlegt norrænt samstarfsnet.
- Mikil áhersla verður lögð á nýsköpun og þverfaglegt samstarf milli hinna mörgu og mismunandi þátttakenda í hverju undirverkefni.
- Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum er boðin þátttaka í öllum undirverkefnum.
- Undirverkefnin verða skilgreind sem þriggja ára áætlanir með samfelldu samstarfi sem í grófum dráttum skiptist þannig að fyrst er undirbúningur, gangsetningarráðstefna snemma árs 2014, vinna við verkefnið 2015 og samantekt og mat á því árið 2016.

Biophilia – Svæðissamstarf

Hvert þáttökuland velur eitt svæði (sveitarfélag eða hérað) til þátttöku. Einnig verður norrænu húsunum og öðrum norrænum stofnunum í Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum boðin þátttaka í verkefninu. Á hverju svæði í hverju landi verður stýrihópur sem ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins, mótun þess og samstarfi við hagsmunahópa á viðkomandi svæði. Þessir stýrihópar mynda norrænt samstarfsnet um verkefnið. Hvert þáttökuland eða -svæði fær í hendur eða býr til eigin Biophilia verkfærakistu á hjólum, fulla af eðlisfræði, líffræði, tónlist og margmiðlun, og sendir hana út til grunnskóla svæðisins. Hönnun kistunnar hefur þann tilgang að brjóta upp hefðbundna kennsluhætti. Í henni leynast einnig kennslu-hugmyndir sem hópur norrænna sérfræðinga hefur lagt á ráðin um.

Kennsluhugmyndirnar geta tekið breytingum og lagað sig að aðstæðum á hverjum stað, nýrri reynslu, þekkingu og svo framvegis. Áhersla verður lögð á að allir þátttakendur geti lagt sitt til verkfærakistunnar, þannig þróast hún í sífellu með gagnvirkum hætti.

Markmiðið með samstarfinu er að:

- ýta undir nýsköpun í skólastarfinu með því að þróa kennsluaðferðir sem sameina þekkingu, sköpun og tækni, og laga að ólíkum skólastigum, stofnunum og atvinnulífi,
- fleyga hefðbundna kennsluhætti með þverfaglegri nálgun, þvert á aldurshópa, kennslugreinar og fagsvið,
- þróa staðbundin samstarfsnet í þáttökulöndunum sem tengjast á norrænum samstarfsvettvangi þar sem unnið verður að því að efla norrænt notagildi,
- auka áhuga ungs fólks á náttúrufræðum og tækni í því skyni að styrkja samkeppnishæfni Norðurlandanna á framsækinn hátt,
- þróa veflægan starfsvettvang án landamæra fyrir norrænt samstarf milli mismunandi faghópa sem verður áfram til eftir að verkefninu lýkur.

Biophilia – Þekkingarlestin

Þekkingarlestin byggist á verkefni sem unnið hefur verið að í Háskóla Íslands á undanförunum árum. Tilgangurinn með þekkingarlestinni er að ferðast um landið með vísindi og skemmtun í farteskinu og vekja með því áhuga ungs fólks á rannsóknum, æðri menntun og háskólastarfi.

Þekkingarlestin getur skapað samstarfsvettvang vísindamanna og annarra fræðimanna á Norðurlöndum ásamt því að ýta undir áhuga ungs fólks fyrir rannsóknum og háskólamenntun. Mikilvægt er að áhöfn lestarinnar beiti gagnvirkum og lifandi kennsluháttum og miðli torskilinni og ögrandi þekkingu þannig að ungt fólk og allur almenningur skilji.

Fyrirhugað er að þekkingarlestin „ferðist“ um sérválin svæði á Norðurlöndum með vísindasmiðjur og fræði. Í ferðum lestarinnar hefur hún viðkomu í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum þar sem nemendum standa til boða vísindanámskeið og örstuttir fyrirlestrar. Einnig verður á dagskrá afþreying fyrir alla fjölskylduna, sem byggist á rannsóknum og vísindum, þar sem kynntar verða tilraunir og margs kyns gagnvirk tæki og tól frá nálægum þekkingarsetrum, tæknisöfnum eða nýsköpunar- og frumkvöðlafyrirtækjum. Á þennan hátt er hægt að efla samskipti, mynda samstarfsvettvang og samstarfsnet á svæðunum.

Biophilia – Þekkingarnet vísinda og athafnalífs

Forsenda virkrar og skipulegrar nýsköpunar í þekkingarþjóðfélagi nútímans er að þekkingin streymi jafnt og þétt milli fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnana. Þessi straumur getur bæði verið kerfisbundinn og/eða óformlegur. Það er stöðugt viðfangsefni að nýta betur þá þekkingu og fjármuni sem varið er til nýsköpunar og þróunar. Þau samstarfsnet sem vinna samkvæmt aðferðafræði þekkingarþríhyrningsins virka vel í þessu skyni.

Ísland vill stuðla að uppbyggingu samstarfsneta sem byggjast á þekkingarþríhyrningnum, bæði á norrænum- og alþjóðavettvangi. Markmið verkefnisins er meðal annars að þróa þríhyrningshugmyndina áfram með áherslu á hvernig hægt sé að nýta sköpunarkraftinn sem verkfæri eða aðferð og einnig möguleika skapandi atvinnugreina, lista, félags- og mannvísinda. Verkefnið á að beinast sérstaklega að strjálbýlum svæðum þar sem nýsköpun, sem byggir á staðbundinni sérstöðu og tækifærum, á sér stað. Leggja skal mat á þá reynslu sem þegar hefur verið aflað og auka við hana.

Mynd:
Þorbjörg Ágústsdóttir
/Norræna eldfjallamiðstöðin



Biophilia verkefni: Menningarmál

Biophilia – listsköpun sem kennslu- og rannsóknaraðferð

Ráðstefnan „Arts and Audiences“ verður haldin í Reykjavík og ætlunin er að megin áherslur hennar verði á sköpun sem kennslu- og rannsóknaraðferð. Auk þess verður lögð áhersla á margmiðlun og nýmiðlun hvers konar, þar sem leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum: Hvernig er hægt að virkja samfélagsmiðla í miðlun menningar? Hvernig er hægt að kveikja áhuga á og efla þátttöku með því að nýta betur þau tækifæri sem felast í nýmiðlun?

Biophilia verkefni: Börn og ungmenni

Ein af mörgum áskorunum sem ung fólk stendur frammi fyrir er að hlustað verði á rödd þeirra, þau njóti mannréttinda og upplifi sig sem hluta af og þátttakendur í samfélaginu. Nauðsynlegt er að ungt fólk sé upplýst um leiðir til þess að láta rödd sína heyrast og taka þátt í uppbyggingu betra samfélags. Því er mikilvægt að tæki og aðferðir til þess að auka lýðræði, þátttöku og sköpun séu aðgengilegar ungu fólki og sniðnar að þörfum þess. Norræna barna- og ungmennanefndin NORDBUK tekur þátt í Biophilia verkefninu, annars vegar með umsjón með Þjóðfundi unga fólksins og hins vegar með þátttöku í ráðstefnunni „Arts and Audiences“.

Þjóðfundur unga fólksins

Þjóðfundur unga fólksins verður haldinn 5. apríl 2014 í Reykjavík en til hans er boðið þátttakendum frá öllum Norðurlöndum. Á fundinum gefst unga fólkinu færi á að ræða eigin aðstæður, hafa áhrif á umhverfi sitt og gera grein fyrir hugmyndum sínum milliliðalaust. Eitt höfuðverkefna fundarins er að safna hugmyndum og efni í Biophilia verkfærakistuna en meginþemu hennar verða lýðræði, samfélagsvirkni og sköpun og beitt verður aðferðum nýsköpunar við að ná til unga fólksins. Tilgangurinn með verkfærakistunni er að aðstoða unga fólk við að ná áheyrn og koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Áhersla verður lögð á upplýsingar sem að gagna geta komið um stjórn mála- og stjórnkerfi Norðurlanda, lýðræði og samfélagsvirkni, svo sem hvernig ungt fólk getur haft áhrif á og nýtt sér réttindi sín í daglegu lífi og hvernig raddir ungmenna geta nýst sem vegvísar í stjórn málum. Í verkfærakistunni verða einnig stutt myndskreið þar sem menn velja fyrir sér nýjum tækifærum til að nýta sér lýðræði, samfélagsvirkni og sköpun til að skapa betra þjóðfélag. Æskilegt er að samstarf náist við Norðurlandaráð unga fólksins í þessu efni.

„Arts and Audience“

Meginverkefni ráðstefnunnar verður að kanna hvernig hægt er að ná til nýrra þátttakenda og ein vinnustofan fjallar sérstaklega um möguleikann á að ná betur til ungs fólks. Ungt fólk frá öllum Norðurlöndum tekur þátt í vinnustofunni og þar verður enn bætt í verkfærakistuna.

Fyrir utan þátttöku í Biophilia verkefninu verður staðið fyrir sérstökum verkefnum á formennskuári Íslands á sviði menntamála og rannsókna, menningarmála og æskulýðsmála.



Menntamál og rannsóknir

Til ársloka 2013 vann ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) eftir stefnunni „Þekking í þágu velferðar og græns vaxtar“. Sá árangur sem náðst hefur í krafti þeirrar stefnuskrár verður nú metinn og nýttur til að móta stefnu fyrir næstu ár. Ráðherranefndin hefur rætt hvernig gera megji stefnuna – og stefnuskrána – að lifandi vinnuskjölum sem tengjast þriggja ára forgangsverkefnum formennskuársins, jafnframt því að tryggja samfellu í höfuðáherslum og stefnu. Í formennskutíð Íslands verður því mikilvægt verkefni að stuðla að mótun og afgreiðslu nýrrar stefnu, ásamt því að finna stefnuskrá sviðsins sem réttasta mynd. Þess er óskað að hægt verði að uppfæra stefnuskrána reglulega, tengja hana samþykktum formennskuársins, ásamt því að leiða fram samhengið á milli stefnumótunar og fjárhagsramma sviðsins.

Á formennskuárinu mun Ísland meðal annars beina sjónum sínum að þeim sviðum menntunar og rannsókna sem mótast af áætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar um Grænan vöxt og Sjálfbæra norræna velferð. Í báðum þessum áætlunum er mikil áhersla lögð á menntun og rannsóknir og gildi þeirra fyrir stefnumótun til lengri tíma. Samvinna þvert á stofnanir, rannsóknasvið og landamæri undir merkjum hagkvæmni, þekkingaröflunar, nýsköpunar, velferðar og græns vaxtar styrkir Norðurlönd sem heild og möguleika þeirra á að leggja fram sinn skerf á alþjóðavettvangi.

Á sviði menntunar og rannsókna hafa Norðurlöndin leitast við að nýta og samræma krafta sína, meðal annars með markvissri beitingu upplýsingatækni. Grænn vöxtur og sjálfbær velferð styrkjast með aukinni menntun og rannsóknum sem aftur ýta undir nýsköpun á þessum mikilvægum sviðum.

Samfélag nútímans stendur frammi fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum, allt frá loftslagsbreytingum til þess að bæta heilbrigðiskerfi og öryggi samfélagsins. Þótt þessi viðfangsefni séu alþjóðleg og samþætt eru rannsóknatækin, sem hægt er að beita við úrlausn þeirra, oft takmörkuð bæði fræðilega og landfræðilega. Hnattræn viðfangsefni gera kröfu um metnaðarfulla samræmingu rannsóknaráætlana og sú er einmitt raunin í norrænu samstarfi. Þessar ögranir taka á sig ólíka mynd frá einum stað til annars, enda miðar stefna norrænnar rannsóknasamvinnu að því að stýra norrænum rannsóknum á hnattrænum vanda í það far að þær skapi norrænan virðisauka fyrir norræn samfélög. Á formennskuári Íslands verður unnið áfram með verkefnið „Samstarf, verkaskipting og samþjöppun“ (SAK/SVS) á háskólastiginu, en því var hleypt af stokkunum árið 2012 þegar Noregur gegndi formennsku í ráðheranefndinni. Einnig verður unnið að því að útvega varanlega fjármögnun á rekstri Nordic Master Program (NMP).

Ungu fólki verða sköpuð tækifæri til að starfa sem vísindamenn og vinna að nýsköpun með ýmsum hætti. Hnatvæðingin og örar framfarir á sviði upplýsingatækni, auk þess hversu ólíkar forsendur námsmanna eru, gera þá kröfu að menntunin verði þróuð og löguð að þeim – jafnt innihald sem aðferðir. Gæði menntunar og virkni menntakerfisins byggist á faglega hæfum kennurum. Samfélög sem ætla sér að koma undir sig fótunum í þekkingarhagkerfi nýrrar aldar verða að íhuga vel afstöðu sína til starfs og menntunar kennara.

Viðamesta áætlunin á sviði menntunar og rannsókna er þverfaglega kennsluverkefnið Biophilia. Auk þess verður hrint úr vör fleiri verkefnum á hvoru sviði fyrir sig.

Verkefni á sviði menntamála

Starfsþróun kennara

Það er almenn samstaða um að gæði menntunar byggjast fyrst og fremst á því að kennarastéttin sé vel menntuð og áhugasöm. Samfélög, sem vilja ná árangri í þekkingarhagkerfi framtíðarinnar, verða að móta sér skýra stefnu um kennarastarfið og menntun kennara. Á formennskuárinu ætlar Ísland að leggja áherslu á faglega þróun kennara og varpa ljósi á þá þætti sem kennurum gagnast í þróun og mótun umhverfis, sem styður við kennslu, þjálfun og kennsluhætti og kallast á við þróun tækni og menningar á 21. öldinni.

Á formennskuárinu verður efnt til ráðstefnu um faglega þróun kennara og skólustjórnenda. Verður hún í Reykjavík 13. og 14. ágúst 2014. Þar verður kastljósinu beint að kennarafaginu, starfskjör kennara á Norðurlöndum borin saman og möguleikar þeirra á að þróa metnaðarfullt menntakerfi sem styrkir norræna velferðarþjóðfélagið á 21. öldinni.

Fullorðinsfræðsla

Á formennskuári Íslands býður Norræna ráðherranefndin og Norrænt samstarfsnet um nám fullorðinna (NVL) til ráðstefnunnar „Norrænar brýr til ævimenntunar“ í Reykjavík dagana 10. og 11. júní 2014. Ráðstefnunni er ætlað að örva umræður ráðherranefndarinnar um sjálfbæra norræna velferð og breiða þær út til þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu í aðildarríkjunum. Sjálfbær þróun norræna velferðarlíkansins, sem að sínu leyti getur lagt grunn að nýsköpun, aukinni samkeppnishæfni og framleiðni, gerir kröfu um víðtæka þátttöku allra sem málið varðar; þeirra sem starfa við kennslu fyrir hið opinbera, í einkafyrirtækjum eða sjálfbæðastarfi. Athafnalíf og menntakerfi verður að byggja brýr sín á milli til þess að þróa færni og þekkingu. Á ráðstefnunni verður leitast við að samþætta reynsluna af Biophilia kennsluverkefninu þar sem áherslan er lögð á samstarf milli vísinda, menningar og menntunar.

Starfsþjálfun á vinnustöðum

Norrænn vinnumarkaður stendur frammi fyrir ýmsum viðfangsefnum sem eiga sér meðal annars rætur í efnahagserfiðleikum og breytingum í lýðfræði Norðurlanda. Baráttan við atvinnuleysi ungs fólks er brýn og þar verður að virkja þá sem yngri eru og eiga á hættu að einangrast frá vinnumarkaðnum og samfélaginu öllu. Langvarandi atvinnuleysi og tengsl menntakerfa og vinnumarkaðar verða í brennidepli á formennskuári Íslands.

Boðið verður til norrænnar ráðstefnu um framboð á menntun og námsráðgjöf fyrir alla aldurshópa á vinnustöðum. Ráðstefnan er liður í þátttöku Íslands í norræna verkefninu Sjálfbær norræn velferð sem hófst á formennskuári Svíþjóðar árið 2013. Ráðstefnan beinir kastljósinu að þeim hluta verkefnisins sem snýst um vinnustaðanám (LPA). Hún er skipulögð í samstarfi við íslenska velferðarráðuneytið og fer fram 25. september 2014.



Norrænt mál og menning

Norræna ráðherranefndin fyrir menntun og rannsóknir og ráðherranefndin fyrir menningu deila með sér ábyrgð á samstarfi á sviði tungumála. Þau hafa skipað vinnuhóp sem á að fjalla um og skila á árinu 2014 af sér álit til ráðherranefndanna um það hvernig hægt sé að tengja tungumálakennslu og menningarstarf við samstarfið á sviði tungumála.

Norræn tungumálasamræming

Norrænt samstarf á sviði tungumála verður á árinu 2014 fært undir Norrænu félögin. Lögð verður áhersla á skilning barna og unglinga á dönsku, norsku og sænsku, einkum á mæltu máli. Frá og með 2014 verður einnig reynt að skilgreina betur hvað norræna samstarfið getur lagt af mörkum til að hvetja ríkin til að fylgja eftir Norræna tungumálasáttmálanum frá 2006.

Mynd:

Freysteinn Sigmundsson/Norræna eldfjallamiðstöðin

Verkefni á sviði rannsókna

Jöfn staða kynjanna í rannsóknum

Norðurlönd eru þekkt fyrir framfarir á sviði jafnréttismála. Þrátt fyrir það eru konur í hærri stöðum í háskólum talsvert færri en karlar, einkum þó á sviði náttúruvísinda og tæknigreina. 80% allra prófessora á Norðurlöndum eru karlkyns. Árið 2013 gaf Norræna ráðherraráðið út skýrsluna „Hafa Norðurlönd stigið skref í átt að kynjajafnvægi í rannsóknum?“ sem nefnd um jafnrétti í rannsóknum gerði. Í skýrslunni er meðal annars lagt til að stofnað verði samstarfsnet og gerð starfsáætlun um jafnan hlut karla og kvenna í rannsóknastarfi á Norðurlöndum.

Á formennskuári Íslands verður þessari tillögu fylgt eftir með vinnufundi í Reykjavík haustið 2014. Jafnframt mun NordForsk setja fram ýtarlegri tillögur um rannsóknaráætlanir og tölfræði um jafnrétti í rannsóknum á Norðurlöndum.

Að auka þekkingu og færni fyrir grænan hagvöxt

Menntun, rannsóknir og nýsköpun fyrir grænan vöxt og sjálfbært hagkerfi byggist á langtíma fjárfestingum í þekkingu og færni. Með þekkingar- og hugmyndapróun geta menntun og rannsóknir lagt sinn skerf til breytinga á hegðun, neyslu og framleiðslu jafnt á Norðurlöndum sem á alþjóðavettvangi.

Til þess að styrkja leiðandi stöðu Norðurlanda í heiminum og hvetja önnur svæði og lönd til sjálfbærrar þróunar er brýnt að læra af, nýta, ræða og greina sérstöðu þekkingar og reynslu af þeim menntunar-, rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum sem í gangi eru á Norðurlöndum. Norrænu ríkin eru hvert um sig of smá til þess að geta náð forystu á mörgum sviðum rannsókna. Á formennskuári sínu hyggst Ísland vinna að því að Norðurlönd haldi leiðandi stöðu sinni í nýsköpun og grænum vexti með sameiginlegum norrænum langtímaáherslum á þekkingar- og rannsóknapróun og nánari tengslum rannsókna, nýsköpunar og menntunar.

Árið 2014 mun Ísland styðja viðleitni Norræna ráðherranefndarinnar til að vinna markvisst að miðlun og greiningu þekkingar, svo og önnur verkefni sem til þess eru fallin að auka færni og þekkingu sem gagnast grænum hagvexti á Norðurlöndum og alþjóðavettvangi. Árið 2014 verður kastljósinu beint að rannsóknaverkefni á vegum NordForsk á grænum vexti.

Áætlun um úrvalsrannsóknir á loftslagi, umhverfi og orku

Þau tröllauknu verkefni á sviði loftslags- og orkumála, sem heimurinn stendur frammi fyrir, kalla á nýja þekkingu og nýsköpun. Norðurlönd hafa góðar forsendur til þess að leggja jákvæðan skerf til þessa málaflökks og byggist það á háu menntunarstigi, miklum pólitískum vilja til athafna og ríkidæmi í náttúruauðlindum. Norðurlönd eru nú þegar leiðandi í nýtingu endurnýjanlegrar orku af ýmsu tagi og áætlun um úrvalsrannsóknir á loftslagsmálum mun styrkja þá stöðu enn frekar. Þessi áætlun er umfangsmikið verkefni á sviði rannsókna og nýsköpunar sem tengir saman þekkingarumhverfi og atvinnulíf í því að stuðla að lausn á hnattrænum loftslagsvanda. Á formennskuári Íslands verður útkoman úr þessari áætlun vegin og metin.



Mynd:
Karin Beate Nøsterud
/norden.org

Rannsóknir á velferð

Undir merkjum „Rannsókna á velferð“ verður fjármunum veitt til rannsókna á félagslegum ójöfnuði á sviði velferðar og heilbrigðismála. Verður það gert innan ramma „Sjálfbærrar norrænnar velferðar“ sem er samstarfsverkefni NordForsk um velferð og heilbrigði. Markmiðið er að auka þungann í norrænu samstarfi um rannsóknir á félagslegum og hagrænum muni á sviði velferðar- og heilbrigðismála og ýta með því undir þekkingaröflun sem nýst getur til að draga úr ójöfnuði í þessum efnum á Norðurlöndum.

Innviðir velferðar

Norðurlönd eru í fararbroddi fyrir þróun á lífvísindalegum gagnagrunnum sem byggjast á skráningu. Samstarfsáætlun NordForsk um heilbrigðis- og velferðarmál felur einnig í sér verkefnið Biobanks – skrár um heilbrigði og velferð sem sett var á laggirnar að ráði sérfræðingahópsins „NORIA-net um gagnaskráningu“. Í þessu verkefni er áherslan lögð á að auðvelda samstarf um norrænar rannsóknir sem byggjast á gagnaskráám. Meðal annarra tillagna sérfræðingahópsins má nefna norræna rannsóknaráætlun og tillögur um breytt verklag á þessu sviði. Þessar tillögur verða teknar til athugunar innan vébanda NordForsk og EK-U árið 2014.

Sjálfbær þróun á Norðurheimskautinu

Stór hluti Norðurlanda tilheyrir Norðurheimskautinu sem nýtur æ meiri athygli ríkja og iðnfyrirtækja. Bætt aðgengi að Norðurheimskautinu og auðlindum þess eykur væntingar um mikil tækifæri á sviði verðmætasköpunar. Norðurheimskautið er að auki ákaflega viðkvæmt svæði sem býr yfir viðkvæmri náttúru og einstakri menningu. Á árinu 2014 hrindir NordForsk af stökunum rannsóknaráætlun um sjálfbæra þróun á Norðurheimskautinu. Á formennskuári sínu mun Ísland beina kastljósi að þessari áætlun með vísan til Norræna lífhagkerfisins. Þar að auki verður haldið málþing á Akureyri í júní 2014 undir heitinu „Norðurlönd mæta austrinu“ þar sem rætt verður um samstarf um Norðurheimskautið.

Innviðir norræna rannsókna

Nútímalegir rannsóknarinnviðir eru forsenda samkeppnishæfra rannsókna af hæsta gæðaflokki á heimsvísu. Norrænt samstarf við styrkingu rannsóknarinnviða skapar virðisauka fyrir staðbundin verkefni og fjárfestingar vegna aukinna gæða og skilvirkni. Norrænt samstarf um slíka innviði stuðlar að betri nýtingu krafta í hverju landi, stækkar heildirnar, eykur samlegðaráhrif og nýtist til að samræma norræna hagsmuni á alþjóðlegum vettvangi. Innan vébanda NordForsk starfar norrænn ráðgjafarhópur um innviði, sem á árinu 2014 mun leita uppi og setja í framkvæmd langtímafjárfestingar í rannsóknarinnviðum, bæði nýjum og þeim sem þegar eru orðnir til.

eScience

eScience er áætlun sem þróar og aðlagar nútímaleg úrræði og háþrúð verkfæri á sviði upplýsingatækni, svonefnda e-Innviði, í því skyni að gera rannsóknir markvissari. eScience auðveldar bæði kenningavinnu og tilraunir með tölvuúrvinnslu gagna og líkana. eScience auðveldar alþjóðlegt samstarf í rannsóknum og tækni, auk þess sem e-Innviðir geta nýst á svo til öllum rannsóknasviðum.

Auk áður nefnds starfshóps um innviði rannsókna er hópur að störfum á vegum eScience/eInnviða við að fylgja eftir tillögum úr skýrslunni „Vilji til rannsókna?“ um endurskoðun og uppfærslu verkáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir eScience frá 2008. Lokahnykkurinn í þeirri uppfærslu mun eiga sér stað á árinu 2014. Haustið 2014 skipuleggur Ísland norrænan vinnufund í Reykjavík um lestrarkannanir (bibliometri) og stefnu í rannsóknum.

Rannsóknáætlun um tungumál og málstefnu

Aukin hnattvæðing felur í sér ný viðfangsefni á sviði tungumála og málstefnu. Rannsóknir á tungumálum, málstefnu og samskiptum á Norðurlöndum er nauðsynleg vilji menn skilja betur uppruna tungumála, þróun þeirra og líklegar breytingar í framtíðinni. NordForsk hefur svarað þessari þróun með því að stofna NORIA-samstarfsnet um norræn tungumál, málstefnu og samskipti, en það mun kanna möguleikann á að efna í norræna rannsóknaráætlun á þessu sviði.



Mynd:
Magnus Fröderberg
/norden.org

Menningarmál

Norrænu menningarmálaráðherrarnir hafa samþykkt stefnu í norrænu samstarfi á sviði menningarmála fyrir árin 2013 – 2020. Á þessu tímabili mótast samstarfið af fimm megináherslum. Þær eru:

- sjálfbær Norðurlönd þar sem markmiðið er að norrænt menningarlíf styrki stoðir norrænna samfélaga með því að vera aðgengilegt og hvetja til þátttöku,
- skapandi Norðurlönd þar sem markmiðið er að líta á Norðurlönd sem lifandi, öflugt og skapandi menningarsvæði,
- þvermenningarleg Norðurlönd þar sem markmiðið er að öllum íbúum á Norðurlöndum finnist þeir eiga þar heima og taki þátt í menningarlífi,
- ung Norðurlönd þar sem markmiðið er að börn og ungmenni á Norðurlöndum skapi, taki þátt í og taki afstöðu til lista og menningar,
- stafræn Norðurlönd þar sem markmiðið er að norræn menning nýti sér stafræna tækni til fullnustu.

Verkefni Íslands á formennskuárinu mun að miklu leyti taka mið af þessari stefnu. Að auki verður horft til alþjóðlegs samstarfs Norðurlandanna, einkum á sviði UNESCO og unnið að því að styrkja vestnorrænt samstarf.

Sjálfbær Norðurlönd

Til að mæta þeim áskorunum sem norræn velferðasamfélög standa frammi fyrir þarf að horfa á heildina og hafa hliðsjón af fjölda fagsviða og málaflokka. Í Biophiliu kennsluverkefninu eru náttúra, vísindi og listir tengd saman með einstökum hætti og sem krefst heildrænnar nálgunar. Biophilia býður upp á sameiginlegan vettvang og grundvöll samstarfs, samráðs og skoðanaskipta, þroskar einstaklinginn og þar með samfélagið og stuðlar að sjálfbæru samfélagi.

Loftslagsbreytingar og breytingar á umhverfinu geta haft mikil áhrif á sjálfbæra þróun og framtíð mannkyns. Upplýsingar um þessi mikilvægu málefni ná oftast ekki frá vísindasamfélaginu til almennings. Ísland mun kanna hvernig nýta má samstarf vísindamanna og ungra listamanna til að koma mikilvægum upplýsingum til hins almenna borgara á Norðurlöndum.

Menning og framlag hennar til samfélagsins getur haft afgerandi þýðingu fyrir heilsu fólks og þróun sjálfbærra þjóðfélaga. Á formennskuári Svía hefur sjónum verið beint að því sem vel hefur verið gert á þessu sviði á Norðurlöndum og hvernig fylgja megi því eftir innan norrænnar samvinnu og mun Ísland halda áfram að huga að þessum málum.

„Tenging“ – norræna lista- og vísindasamstarfsverkefnið

Fundur vísindamanna og ungra listamanna þar sem fjallað verður um hvernig hægt verði að koma á fót samstarfi lista og vísinda svo vísindamenn geti komið niðurstöðum sínum og boðskap á skiljanlegan hátt til almennings. Vinnustofa verður haldin haustið 2014.

Verkefni 7/Project 7.

Alþjóðlegt verkefni þar sem hópur lista- og vísindamanna frá Norðurlöndum, 40 ára og yngri, munu vinna í þverfaglegu samstarfi í 4 vinnustofum í 4 löndum (Grænlandi, Íslandi, Finnlandi og Noregi). Sett verður upp sýning í Stokkhólm árið 2015. Sýningin er hugsuð sem „heimur“ sem menn geta gengið inn í og upplifað hvernig heimurinn gæti orðið eftir 7 kynslóðir ef það yrði róttæk breyting í fjármálakerfinu í átt að sjálfbærni og þátttöku almennings.

Menning og heilsa

Menningarráðherrarnir samþykktu á fundi sínum í apríl 2013 að láta gera úttekt á sviði menningar og heilsu. Kanna á hvaða verkefni eru í gangi og hafa verið framkvæmd auk þess sem norrænar og erlendar rannsóknir á þessu sviði verða athugaðar. Niðurstaðan verður kynnt á fundi menningarráðherranna haustið 2014.

Skapandi Norðurlönd

Norðurlönd vinna saman að eflingu skapandi greina á mörgum sviðum, bæði með vinnu innan KreaNord og með þátttöku í þróun menningarsamstarfs innan Norðlægu víddarinnar. Á formennskuárinu verður sjónum einkum beint að tónlist og hönnun. Ísland mun einnig hvetja áfram til þessa að stuðningur við skapandi greinar á norrænum vettvangi verði efldur, m.a. í gegnum hina nýju áætlun KreaNord fyrir árin 2013 til 2015. Þverfaglegt samstarfi á sviði atvinnulífs og menningartengdrar starfsemi hefur náðst með verkefninu og er samstaða um mikilvægi þess og þörf á norrænu samstarfi af þessu tagi, ekki síst meðal ráðuneyta og stofnana sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.

Norræni spilunarlistinn

Norræni spilunarlistinn er eitt af forgangsverkefnum Íslands á formennskuárinu. Þetta norræna samstarfsverkefni er eitt af þeim formennskuverkefnum sem mun fá fjárveitingu til þriggja ára. Markmið verkefnisins er að styrkja norræna markaðinn fyrir dægurtónlist frá Norðurlöndum, vekja athygli á norrænum listamönnum og hljómsveitum, auka útflutningsmöguleika norrænnar tónlistar, skrá norræna dægurtónlist í takt við þróun hennar og nýta gildi norrænnar samvinnu á þessu sviði.

Norræni tískutværingurinn í Frankfurt 2014

Norræni tískutværingurinn verður haldinn í Frankfurt í Þýskalandi 21. mars til 26. júní 2014 en hann var fyrst haldinn í Reykjavík 2009 og síðar í Seattle 2011. Áhersla Norræna tískutværingisins að þessu sinni verður á listir og tískuhönnun frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi, og verða listamenn og fatahönnuðir frá þessum löndum í sviðsljósinu. Markmiðið með viðburðinum er að vekja athygli á skapandi einstaklingum sem koma frá vestnorrænu eyjunum og efla veg þeirra á erlendri grund. Á Norræna tískutværingnum verða sýning og ráðstefna. Þá verður í fyrsta skipti gefin út bók í tengslum við hann, sem mun dýpka á verkefninu enn frekar. Sýningin verður einnig sett upp í Kaupmannahöfn í lok árs 2014. Norræna húsið í Reykjavík stendur að viðburðinum í samstarfi við Museum Für Angewandte Kunst í Frankfurt.

Þvermenningarleg Norðurlönd

Norræn samvinna byggir m.a. á þvermenningarlegu samstarfi ólíkra hópa og innan hennar rúmast áherslur allra aldurshópa. Sérstaða hennar felst m.a. í því að söguleg og menningarleg tengsl milli þjóðanna eru sterk og þeim er viðhaldið með samstarfi áhugamannafélaga og þátttöku almennings. Þetta á einnig við um starf grasrótarsamtaka á menningar- og listasviðinu sem er mjög þýðingarmikið og þessi samtök standa fyrir margskonar samstarfsverkefnum á norrænum vettvangi. Tryggja þarf að þetta samstarf geti eflst og að verkefni, sem styrkt eru af norræna styrkjakerfinu, verði sýnilegri svo það geti leitt til enn frekari samvinnu.

Hvað ungur nemur gamall temur – ráðstefna um mikilvægi frjálsra félagasamtaka og hlutverk eldri kynslóðarinnar

Miðaldra og eldri borgarar eru víða uppistaða þess hóps sem nýtur menningar og það eru einnig þeir sem að miklu leyti bera uppi frjáls félagasamtök. Sú þekking og menning sem verður til innan félagasamtaka er ómetanleg. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi þekkingu og miðla reynslu til þeirra yngri án þess að þeim eldri sé ýtt til hliðar. Haldin verður ráðstefna á formennskuárinu þar sem sjónum verður beint að því hvernig viðhalda megi kunnáttu þeirra sem taka þátt í starfi frjálsra félagasamtaka og hvernig henni verði komið til yngri kynslóðarinnar. Hvert stefna frjáls félagasamtök nú þegar samstarfsmöguleikar á norrænum vettvangi hafa verið skertir svo mjög? Norrænu félögin gegna mikilvægu hlutverki í því að efla norræna samvinnu og hafa sinnt því ötullega í heila öld. Leitað verður samstarfs við Norræna félagið við að skipuleggja ráðstefnuna.

Ung Norðurlönd

Málafni barna og ungmenna eru eitt af forgangsatridum norræns samstarfs og má sjá þess stað í stefnumótun margra málaflokka í norrænu samstarfi, m.a. á menningarsviðinu. Menntun og þátttaka í lýðræðislegu starfi er undirstaða betri lífsgæða.

Barna –og unglingabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs voru veitt í fyrsta skipti í október 2013. Með verðlaunum undirstrikar Norðurlandaráð mikilvægi barna– og unglingabókmennta á Norðurlöndunum. Til að fylgja þessu átaki eftir eru uppi áætlanir um að halda árlega viðamikla hátíð á Íslandi um barna- og unglingabókmenntir. Fyrsta hátíðin verður haldin haustið 2014.

Listasmíðja ungs fólks – Norrænt ljós 2014

Haldin verður norræn menningarhátíð fyrir ungmenni á aldrinum 14 – 17 ára, þar sem þeim verður stefnt saman til að vinna með listamönnum á 15 mismunandi stöðum á Norðurlöndum. Hátíðin byggir á fimm listgreinum; dansi, sjónlistum, leiklist, sirkus og tónlist. „Norrænt ljós 2014“ verður umfangsmesta menningarhátíð fyrir ungmenni sem haldin hefur verið á Norðurlöndum og langstærsta menningarverkefni fyrir ungt fólk sem Norræni menningarsjóðurinn og þar með Norræna ráðherranefndin hafa staðið að. Hátíðin verður Menningarviðburður ársins árið 2014.

Barna- og unglingabókmenntahátíð á Íslandi

Í tilefni norrænu barnabókaverðlaunanna verður haldin norræn barna- og unglingabókmenntahátíð á Íslandi haustið 2014. Þangað verður boðið þeim 14 höfundum sem tilnefndir verða til verðlaunanna það ár. Norrænar samtíma barna- og unglingabókmenntir verða þannig settar í forgrunn á hátíðinni þó að áhugi sé fyrir því að fá rithöfunda og myndlistarmenn frá öðrum löndum líka. Ætlunin er að bókmenntahátíðin verði stórviðburður í menningarlífi íslenskra barna út um allt land og að hún festi sig í sessi hér á landi. Áherslupættir á hátíðinni verða þrír: Lesendahópurinn, börn og unglingar; rithöfundar og listamenn og fræðimenn.



Mynd:
Johannes Jansson
/norden.org

Stafræn Norðurlönd

Stafræn tækni felur í sér margvísleg tækifæri fyrir Norðurlönd og í henni felast tækifæri til að öðlast sameiginlega reynslu sem tengist menningu og tungumálum. Stafræn miðlun er mikilvæg aðferð til að tryggja aðgengi að og þekkingu á norrænum listum og menningu. Hún er einnig mikilvægur þáttur í því að gera aðgengi að menningu og menningararfi lýðræðislegra og koma sameiginlegum menningararfi á framfæri og stuðla þannig að norrænni samstöðu. Meðal þess sem Ísland mun leggja áherslu á er að stuðla að bættu aðgengi almennings að heimildum og gögnum sem geymd eru á þjóðskjalasöfnum Norðurlandanna. Einnig verður gert átak í að kynna þann sameiginlega norræna menningararf sem finna má í Íslendingasögnum en ný útgáfa þeirra á dönsku, norsku og sænsku kemur út vorið 2014. Stefnt er að því að tengja útgáfuna þeirri áherslu sem er á tungumál og eflingu málvitundar á Norðurlöndum.

Norræn vefgátt ríkisskjalasafna

Norrænu ríkisskjalasöfnin hafa haft með sér gott samstarf í áratugi. Þau hyggja á samstarf við að koma á fót sameiginlegri vefgátt eða sameiginlegum vef sem hefur það markmið að auka sýnileika skjalasafnanna á netinu og bæta aðgengi almennings að þeim upplýsingum sem geymdar eru þar. Á formennskuárinu mun Ísland beina sjónum að þessu samstarfi og leggja áherslu á að styrkja það.

Kynning á útgáfu Íslendingasagna á dönsku, norsku og sænsku

Vorið 2014 kemur út heildarútgáfa á öllum Íslendingasögnum á dönsku, norsku og sænsku. Sögurnar eru bókmenntir á heimsmælikvarða og mikilvægur sameiginlegur menningararfur Norðurlandanna. Um nýjar og vandáðar þýðingar er að ræða þar sem lögð er áhersla á hið fræðilega og listræna. Undirbúningur útgáfunnar hefur staðið yfir í mörg ár og byggir á samstarfi þýðenda, fræðimanna og rithöfunda á Norðurlöndunum. Verkefnið hefur notið myndarlegra styrkja frá þeim löndum sem tengjast útgáfunni. Með hinni vönduðu og nútímalegu heildarútgáfu sagnanna eru margar sögur þýddar í fyrsta sinn á þessi Norðurlandamál.

Ísland hyggst nýta formennskuárið til að koma þessu þrekvirki á framfæri meðal Norðurlandabúa. Útgáfunni verður fagnað 28. apríl 2014 með ráðstefnu sem haldin verður í tengslum við fund norrænu menningarráðherranna í Reykjavík og í lok formennskuársins verður haldið málþing, þar sem útgáfa Íslendingasagnanna verður tengd tungumálaátaki norrænu ráðherranefndarinnar og athugað hvernig koma megi þeim á framfæri við ungu kynslóðina.

Alþjóðlegt samstarf í norrænu samhengi

Löng hefð hefur myndast fyrir samstarfi Norðurlandþjóða á alþjóðavettvangi. Þetta á sérstaklega við um samstarf innan UNESCO. Þannig styðja ríkin hvert annað þegar þau bjóða sig fram til ábyrgðarstarfs innan samtakanna og UNESCO nefndirnar á Norðurlöndum hafa náð samstarf og samráð sín á milli og halda reglulega fundi nokkrum sinnum á ári. Norðurlönd vinna einnig mjög náið saman að málefnum heimsmínjasamnings UNESCO, t.d. á vettvangi norrænu heimsmínjastofnunarinnar (NWHF) í Osló og innan samtaka norrænna heimsmínjastaða. Ísland vill á formennskuárinu leggja áherslu á þetta samstarf m.a. með því að beina sjónum að samningum og verkefnum tengdum UNESCO.

Ráðstefna um samning UNESCO um menningarerfðir og menningararf

„Hefðir morgundagsins“ er heiti ráðstefnu á vegum Norrænu þjóðtónlistarnefndarinnar (Nordisk folkmusikkommité) sem haldin verður 20.-23. ágúst 2014 á Akureyri. Viðfangsefni hennar verða menningarerfðir eða óáþreifanlegar menningarminjar í tengslum við sáttmála UNESCO um menningarerfðir. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri mun hafa umsjón með ráðstefnunni í samstarfi við Stemmu - Landssamtök kvæðamanna, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Viðburðastofu Norðurlands, Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum við H.Í. og Norrænu þjóðtónlistarnefndina. Meðal umfjöllunarefnis er innleiðing sáttmálans á Norðurlöndum, hugmyndir um samvinnu og samhæfingu, og greint frá dæmum um góðan árangur.

Tilnefning víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO

Á undanförunum árum hafa fimm ríki, þar af þrjú Norðurlönd undir forystu Íslands, undirbúið alþjóðlega raðtilnefningu á minjum frá víkingaöld á heimsminjaskrá UNESCO. Tilnefningarskjalið verður afhent heimsminjaskrifstofu UNESCO í París fyrir 1. febrúar 2014. Tilnefningarvinnan hefur vakið mikla athygli m.a. vegna þess að um nýja nálgun er að ræða. Á formennskuárinu mun Ísland beita sér fyrir því að þetta samstarf verði kynnt og fái athygli á Norðurlöndunum og víðar.

Vestnorrænt samstarf

Í gildi er samstarfssamningur milli Færeyja, Grænlands og Íslands þar sem lögð er áhersla á aukna samvinnu á sviði menningar, mennta og vísinda. Löndin hafa hvert fyrir sig tekið að sér að annast ákveðin verkefni og mun Ísland beita sér því að tvö þeirra verði framkvæmd á formennskuárinu, annars vegar um menntun sem styður sjálfbæra þróun, hins vegar þróun tengsla og styrktarmöguleika fyrir listamenn og menningarstarfsmenn.

Ráðstefna um sjálfbæra menntun utan hins formlega menntakerfis

Grænland hefur tekið að sér að halda ráðstefnu um sjálfbæra menntun utan skólakerfisins þar kynnt verða verkefni sem ungmenni hafa unnið að. Ráðstefnan átti að vera árið 2013 en var frestað. Ísland vill nýta tækifærið á formennskuárinu og styðja Grænland í að halda ráðstefnuna vorið eða haustið 2014.

Efling á vestnorrænu tengslaneti fyrir listamenn og menningarstarfsmenn

Stefnt verður að því að skipuleggja málþing um hvernig hægt sé að skapa tengsl milli listamanna á vestnorræna svæðinu. Þá verður rýnt í styrktarmöguleika listamanna og menningarstarfsmanna á svæðinu.

Vestnorrænt samstarf á sviði kvikmynda

Í undirbúningi er að bjóða til málþings á Íslandi þar sem kvikmynda- og dagskrárgerðarfólki frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi ásamt öðrum Norðurlöndum gefst kostur á að kynna, miðla reynslu, auka tengsl og samstarf.



Börn og ungmenni

Verkefni NORDBUK árið 2014 byggjast að hluta til á „Stefnu Norrænu ráðherra nefndarinnar í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum“ frá 2010, starfsáætlun norrænu barna- og ungmennanefndarinnar 2010-2013 og áætlun Íslands um formennskuárið 2014.

Börn og ungmenni eru forgangsatriði í norrænu samstarfi. Yfirlýst markmið Norrænu ráðherra nefndarinnar í málefnum barna og ungmenna er að hvergi í heimi sé betur búið að börnum og ungmennum en á Norðurlöndum.

Stefna Norrænu ráðherra nefndarinnar í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum frá 2010 leggur línurnar fyrir öll verkefni á vegum þess á þessu sviði. NORDBUK gerir sér starfsáætlun á grunni þessarar stefnu. Á formennskuári Svíþjóðar var unnið með faglegum og skipulegum hætti að verkefnum NORDBUK og mótun framtíðarsýnar sem birtist í starfsáætlun sem gildir fyrir árin 2014-2017. Starfsáætlunin býður samþykktar MR-SAM.

Á formennskuári Íslands verður unnið innan vébanda NORDBUK að virkri þátttöku ungmenna og samtaka þeirra í kennsluverkefninu Biophilia.

Meðal viðfangsefna norræna velferðarlíkansins eru lýðræði og virk þátttaka ungs fólks í samfélaginu. Menntun og þátttaka í lýðræðislegu starfi er grundvöllur lífsgæða og jafnréttis. Eitt mikilvægasta hlutverk NORDBUK er að auka lýðræðislega þátttöku og er gerð grein fyrir því í drögum að starfsáætlun NORDBUK 2014-2017. Dvínandi áhugi ungs fólks á lýðræðislegri þátttöku veldur áhyggjum og kallar á nýjar leiðir til þess að ná til þessa hóps. Það þarf að móta nýjar aðferðir til að styrkja lýðræðið og tryggja rétt ungs fólks til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.

Kennsluverkefnið Biophilia felur í sér möguleika á þessu. Undir merkjum þess er reynt að hverfa frá hefðbundnum aðferðum og nálgast viðfangsefnin frá fleiri sjónarhornum. Hlutverk NORDBUK innan ramma Biophilia-verkefnisins er að þróa rafræna verkfærakistu sem hefur að geyma töl og lýsingar á aðferðum við að styrkja lýðræðið, auka sköpun og virka þátttöku ungs fólks í samfélaginu. Hópur ungmenna hefur tekist á hendur að horfa gagnrýnum augum á ýmsar aðferðir við að ýta undir þátttöku ungmenna í samfélaginu, jafnframt því að hefja vinnu við gerð umræddrar verkfærakistu sem kynnt verður sérstaklega í tengslum við Biophilia-þekkingarlestina.

Þverfaglegt samstarf

Eitt verkefna NORDBUK er að styrkja þverfaglegt samstarf og flétta sjónarhorni barna og ungmenna inn í öll samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar. Í drögum að starfsáætlun NORDBUK er gerð tillaga um starfsfyrirkomulag sem þarf að þróa á næstu árum um leið og ríkjandi vinnubrögð og verkferlar eru teknir til endurskoðunar. Meðal þess sem NORDBUK þarf að gera er að samþykkja forgangsröð og markmið sem samræmast starfsáætluninni. Brýnt er að nefndin hafi aðstöðu til að fylgjast vel með aðstæðum barna og ungmenna svo hægt sé að miðla þekkingu á þeim áfram til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Eigin verkefni

Ætli NORDBUK að vera fært um að leggja sitt af mörkum til þess að helstu markmið stefnunnar verði að veruleika þarf NORDBUK, til viðbótar þverfaglegu verkefnum, að vinna að eigin verkefnum á nokkrum sviðum sem njóta forgangs, en falla ekki undir önnur fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta verkefni ársins 2014 verður að samræma og laga starf NORDBUK að nýrri starfsáætlun.

Verkefnastjóri rannsókna

Frá árinu 2012 hefur fræðimaður sinnt 50% stöðu verkefnastjóra rannsókna fyrir NORDBUK. Hlutverk hans er að safna saman, skipuleggja og miðla þekkingu um börn og ungmenni úr rannsóknum, einkum þeim sem snúa að atvinnuleysi og einangrun ungmenna. Ráðning verkefnastjórans verður endurmetin á árinu 2014.